

Íslenska 203

Hautönn 2009

Mánudaginn 30. nóv.

kl. 8:30 – 10.30

Nemandi:	
Kennitala:	
Kennari:	

Prófið er 11 tölusettar síður auk forsíðu.


Lesið vandlega öll fyrirmæli áður en þið byrjið að svara spurningunum.

Munið að vanda frágang og hafið í heiðri stafsetningar- og málvarsreglur svo að hver setning komi þekkingu ykkar til skila. Munið að rökstyðja svörin og hafa þau skýr.

Vægi lokaprófs	50 %	_____
Annareinkunn (goðafraeði, krossapróf í kjörbók og ritgerð)	50 %	_____
Lokaeinkunn	100 %	_____

1. Málsaga (30%)

1) Teiknaðu ættartré **germanskra mála** þar sem fram kemur skyldleiki íslensku, ensku, sænsku, gotnesku og hollensku. Byrjaðu á því að sýna ættkvíslir germanskra mála og raðaðu svo málunum á þær. (4)



2) Hvers vegna er íslenska skyldari norsku en dönsku? (1)

3) Nefndu þrjú Norðurlandamál sem ekki eru norræn mál? (3)

4) Útskýrðu **germönsku hljóðfærsluna** eins vel og þú getur. Hvenær átti þessi hljóðbreyting sér stað? Taktu eitt dæmi sem sýnir hana. (3)

5) Á 6. – 8. öld styttist frumnorræna orðið **hlewagastiR** í **Hlégestr**. Hvaða málbreytingar voru hér á ferð? (2)

6) Hvaða hljóðbreytingar hafa átt sér stað í eftirtöldum orðum: a) *landu > lönd; b) horna > horn; c) *erpu > jörð.(3)

a)

b)

c)

7) Hvenær var *Fyrsta málfræðiritgerðin* skrifuð og í hvaða tilgangi? (2)

8) Tímavél flytur þig aftur til Borgarfjarðar á 13. öld. Snorri Sturluson býður þér í kaffi. Hvers vegna er líklegt að samræður ykkar muni ekki ganga hnökralaust? (1)

9) Veldu **tvö** af eftirtöldum atriðum og gerðu stutta grein fyrir þeim (4).

a) Hljóðdvalarbreytingin

b) Hreitungustefna

c) Nýmerking

d) Mállýska

10) Hvernig taldi Arngrímur Jónsson lærði að varðveita bæri hreinleika málsins? Nefnið tvennt. (2)

12) Bekkjarbróðir þinn er frá Akureyri. Hann er harðmæltur og verður alltaf jafnhissa þegar hann heyrir Reykvíkinga segja **glápa**, **meta** og **leka**. Útskýrðu hvað er harðmæli og útskýrðu líka að hvaða leyti framburður Reykvíkinga á orðunum þemur er frábrugðinn framburði Akureyringa. (3)

13 a) Í hvaða landshlutum segja menn: I. vanta II. skata III. ganga IV. hvalur.
(2)

I _____ III _____
II _____ IV _____

13 b). Hvað kallast þessi framburðareinkenni? (2)

I. _____ II. _____
III. _____ IV. _____

14) Tengid saman hugtök með réttum bókstaf. (6)

- | | |
|-----------------------|--------------------------|
| a) frumnorræna | ___ nýyrði |
| b) Kjartan | ___ tökuorð |
| c) Jónas Hallgrímsson | ___ Biblían |
| d) maskari | ___ ekki úr norrænu máli |
| e) kríp | ___ rúnir |
| f) Davíð | ___ slangur |

Fjölvalsspurningar:

15) Dragið hring um bókstaf við rétt svar. (10)

a. Uppruna íslenskrar tungu er að rekja til

- a. Danmerkur
- b. Svíþjóðar
- c. Írlands
- d. Noregs

b. Finnska er af

- a. slavnesku málaættinni
- b. úrölsku málaættinni
- c. ítálísku málaættinni
- d. baltnesku málaættinni

c. Afdrifaríkasta norræna málbreytingin heitir

- a. risa-samfall
- b. stóra-brottfall
- c. feikna-hljóðgap
- d. mikla-samfall

d. Það sem mest hefur breyst í íslensku máli frá landnámsöld er

- a. orðaforði málsins
- b. framburður málsins
- c. beygingar málsins
- d. orðaröð og setningaskipan málsins.

e. Viðurnefni eru mjög algeng í

- a. nútímasmäsögum
- b. nútímaskáldsögum
- c. Guðbrandsbiblíu
- d. Íslendingasögum

f. Flestar rúnaristur hafa varðveist

- a. í Svíþjóð
- b. á Íslandi
- c. í Noregi
- d. í Danmörku.

g. Raddaður framburður felst í því að bera hljóðin

- a. [f, þ, s] alls staðar fram hörð inni í orðum
- b. [v, ð, z] fram hörð og með þunga alls staðar fremst í orðum
- c. [l, m, n] fram rödduð undan [p, t, k]
- d. [b, d, g] fram hörð í miðjum orðum.

h. Flámæli

- a. þótti finn framburður alla 20. öldina
- b. var svo gott sem útrýmt á 20. öld
- c. var staðbundið við Vestfirði
- d. er algengt í máli allra landsmanna

i. Í hvaða línu eru þrjú tókörð ?

- a. bíll, skáti, sófi
- b. fjölmiðill, geimskip, viðtæki
- c. þulur, skjár, snælda
- d. ratsjá, bendill, tölva

j. Í hvaða línu eru þrjú alíslensk nýyrði

- a. sími, skjár, snælda
- b. tölva, eyðni, álver
- c. jeppi, trukkan, djass
- d. fjölmiðill, geimskip, internet.

16) Krossaðu við **tvö** atriði sem lýsa best ástæðunum fyrir því að mállýskur mynduðust ekki hér á landi . (4)

- () Hér var oft ófriður milli manna og fólk einangraðist í litlum sveitarfélögum.
- () Íslenskir bændur og vinnuhjú fluttu oft búferlum, jafnvel milli sýslna eða héraða.
- () Íslendingar skrifuðu bæði á íslensku og grísku þegar ritöld hófst.
- () Á Íslandi reis eitt allsherjarríki með ein lög og sameiginlegt þing.

Rétt - rangt

17) 8 þessara fullyrðinga eru réttar. Merkið með krossi við þær. (8)

- _____ Fyrsti málfræðingurinn bjó til stafróf handa Íslendingum.
- _____ Rírn framburður er algengur á Norðurlandi.
- _____ y-hljóð var til í sérhljóðakerfinu við lok 13. aldar.
- _____ Hljóðbreytingin *geldan > gjalda heitir a-hljóðvarp .
- _____ Tökuorðin *kurteisi* og *knap*i eru ættuð úr riddarasögum.
- _____ Málstefna 19. aldar var nátengd sjálfstæðisbaráttunni.
- _____ Á Íslandi hefur mikið fundist af rúnum.
- _____ Á 18. öld voru dönsk áhrif hverfandi í íslensku máli.
- _____ Hljóðvörp og klofning urðu samhlíða stóra-brottfalli.
- _____ Íslendingar hófu að skrifa móðurmálið með latínustöfum á 10. öld.
- _____ Engin sérstök framburðareinkenni eru á Vestfjörðum.
- _____ Um 1200 var tvöfalt kerfi sérhljóða í íslensku, stutt og langt.
- _____ Á miðöldum var tvítala til í íslensku.
- _____ Í byrjun 19. aldar töldu allir Íslendingar rétt að viðhalda íslenskunni.
- _____ Málrækt er kjarninn íslenskri málstefnu.
- _____ Allir Íslendingar eiga ættarnöfn.

2. Smásögur 15%

1. Fjölvalsspurningar. Merktu við eitt rétt svar (5)

a) Símon í sögunni Vegir guðs sagði krökkunum í nágrenninu að faðir sinn væri ☐ í fangelsi ☐ á sjónum ☐ alltaf veikur ☐ mjög drykkfelldur	b) Í sögunni Kinnhestur er vísun í ☐ Sturlungu ☐ Biblíuna ☐ Njálu ☐ þjóðsögur.
c) Í Pizza, pizza er minnst á teiknimyndahetjuna ☐ Gogg ☐ Batman ☐ Súperman ☐ Kaffein Ísland	d) Hvert var erindi sögumannsins í Bensínstöðinni í Mosfellsbæ á heimili frændans? ☐ að mála stofuna ☐ að passa dóttur hans ☐ að horfa á leik með honum ☐ að borða með honum
e) Hjónin í sögunni Í svip ☐ nota kreditkortid sitt óspart ☐ eru hrædd við að líta í spegil ☐ eru féflett af götulistamönnum ☐ eru rænd	f) Í hvaða sögu líkir höfundur saman knattspyrnu og hjónabandi? ☐ Kinnhesti ☐ Vegum guðs ☐ Bensínstöðinni í Mosfellsbæ ☐ Sögu af bekknum
g) Í sögunni Vegir guðs trúði sögumaður því að ☐ guð hefni sín á þeim sem eru vondir. ☐ guð verðlauni ekki þá sem eru góðir. ☐ heimur fari batnandi. ☐ erfiðar heimilisaðstæður hafi lítil áhrif á börn.	h) Sögumaðurinn í Kinnhesti þjáist af ☐ þunglyndi ☐ svefnleysi ☐ geðhvarfasýki ☐ geðklofa
i) Saga af bekknum er aðeins ☐ tvær málsgreinar og ein efnisgrein ☐ ein efnisgrein og tvær málsgreinar ☐ ein efnisgrein þrjár málsgreinar ☐ ein efnisgrein og ein málsgrein	j) Í lok Kinnhests hefur eiginmaðurinn keypt nýja flík handa konu sinni. Það var ☐ kápa ☐ kjóll ☐ pils ☐ peysa

2. Lýstu heimilisaðstæðum Símonar í sögunni **Vegir Guðs**. Hverjir leggja hann í einelti og hvers vegna? Hvaða atburður í sögunni er vendipunktur í lífi Símonar og hver urðu örlög hans? (5)

3. a) „Hann breiddi yfir sig sængina og sneri sér á hina hliðina. Með bókina í fanginu eins og lítið barn. Að baki honum brosti *Bjargvætturinn*. Það var orðið of seint að snúa við.“

Svo hljóða niðurlagsorð sögunnar **Pizza, pizza**. Hver er Bjargvætturinn sem minnst er á í textabrotinu og hvaða áhrif hefur hann á líf Halla, aðalpersónu sögunnar? (2)

b) Hvernig tekst Halli á við tilbreytingarsnautt líf pizzasendilsins? (4)

Hvernig endurspeglar sagan viðkvæmni og óöryggi unglingsáranna? (4)

c) „Það var orðið of seint að snúa við“, eru lokaorð sögunnar. Hvernig á að túlka þau? (2)

4. a) Fjallaðu um ofbeldið í sögunni **Kinnhestur**. Reyndu að skilgreina ofbeldið og áhrif þess á heimilistólkið. (4)

b) Konan í sögunni snýr vörn í sókn. Lýstu því nánar. (2)

c) Hvaða áhrif hefur þetta á líf mannsins? (2)

Auðunar þáttur vestfirska 5%

1. a) Frá hverjum er verið að segja? „Gerir hann þá ákaflega magran... er þá kollóttur og heldur ósællegur...ei þorði hann að láta sjá sig og var í kirkjuskoti.“

(1)

b) Hvar var hann staddur og hvernig stóð á því að maðurinn var svona á sig kominn? (4)

2. Nefndu tvo eiginleika í fari Auðuns sem koma skýrt fram í þættinum af honum.

(1)

3) Fjölvalsspurningar. Merktu við rétt svar. (4)

Auðun fékk skilnaðargjafir frá konungi en það voru

- a () sverð, skjöldur og gull
- b () skip, silfur og hringur
- c () bjarndýr, fálki og skip
- d () spjót, sverð og skip.

Ferðamynstur kemur fram í Auðunar þætti. Aðalpersónan fór víða t.d. til

- a () Grænlands og Rómar
- b () Noregs og Miklagarðs
- c () Rússlands og Rómar
- d () Danmerkur og Miklagarðs.

Auðun sneri aftur heim til Íslands vegna þess að

- a () móðir hans dó úr sótt
- b () heitmey hans beið hans
- c () móður hans skorti framfærslu
- d () hann átti von á arfi.

Hvað merkir orðið ármaður?

- a () árrisull maður
- b () frændi konungs
- c () skipasmiður konungs
- d () umboðsmaður konungs.

Takk fyrir önnina og gleðileg jóla!

Helgi